

Nd.

804. Frumvarp til áfengislaga.

[12. mál]

(Eftir eina umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 706 með þessari breytingu:

12. gr. hljóðar svo:

Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, getur dómsmálaráðherra veitt veitingahúsum leyfi til vinveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

- a. Að veitingahúsið hafi á boðslólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði.
- b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. málsg. Nefndin skal þannig skipuð, að áfengisvarnaráð tilnefnir einn mann, annar sé tilnefndur af Sambandi veitinga- og gistihúseigenda og hinn þriðji af ráðherra.

Áður en vinveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, er í hlut á.

Után kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt að uppfylltum skilyrðum a—b-liða 1. málsg. og eftir að leitað hefur verið umsagnar hlutaðeigandi sýslunefndar, að veita veitingahúsum leyfi til vinveitinga, ef telja má, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn.

Vinveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnaði, er hann hefur, þegar leyfið er veitt. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um, að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir rikissjóð, ef sérstakar ástæður mæla með því að dómi ráðherra.

Ef áfengisútsala í kaupstað er lögð niður samkvæmt ákvæðum 10. gr., falla samtímis úr gildi vinveitingaleyfi veitingahúsa þar.

Veitingaleyfi má binda þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra telur nauðsynleg, m. a. er heimilt að binda leyfið eingöngu við veitingar léttra vína. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa vinveitingaleyfi sitt. Fyrir vinveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í rikissjóð.

Skylt er löggæzlumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingahúsa, sem vinveitingaleyfi hafa. Ráðherra getur ákveðið nánara eftirlit með þeim veitingastöðum, er vinveitingaleyfi hafa. Rikissjóður greiðir kostnað eftirlitsins, en leyfishafar skulu endurgreiða hann rikissjóði eftir ákvörðun ráðherra. Ráðherra setur þeim, er eftirlitið annast, erindisbréf um, hvernig þeir skuli haga starfi sínu.

Nánari fyrirmæli um vinveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og lögreglueftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett, skal leita umsagnar áfengisvarnaráðs.